

VII. KAFLI  
**Ýmis ákvæði.**  
 19. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari greiðast Einkaleyfastofunni ef annað er ekki tekið fram.

Gjöld skv. 1.-4. gr. og 7. tölul. 5. gr. endurgreiðast ekki þótt einkaleyfisumsókn verði afskrifuð, henni hafnað eða hún dregin til baka, beiðni um endurupptöku eða endurveitingu verði hafnað eða hún dregin til baka eða þótt einkaleyfishafi kjósi að láta einkaleyfi sitt falla úr gildi.

Gjöld skv. 6., 8., 9., 11. og 13. gr. skulu greidd við afhendingu umsóknar. Gjöld þessi verða ekki endurgreidd þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, 63. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og 36. gr. og 53. gr laga nr. 46/2001 um hönnun, og öðlast gildi 1. janúar 2002 að undanskilinni 7. gr. og 2. mgr. 8. gr., sem taka gildi 1. apríl 2002.

Jafnframt falla úr gildi eldri reglugerðir nr. 673/1996, 312/1997, 313/1997, 603/1997, 703/1997, 642/1998, 193/1999, 505/1999 og 683/2001.

*Iðnaðarráðuneytinu, 6. desember 2001.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Borgeir Örlygsson.*

## REGLUR

**um breytingu á reglum um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, nr. 154/1999.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á mengunarmarkaskrá viðauka I:

a. Eftirfarandi breytingar verða á mengunarmörkum efna:

CAS-nr.	Efni	Fyrir 8 tíma		Þakgildi		Ath.
		ppm	mg/m <sup>3</sup>	ppm	mg/m <sup>3</sup>	
7664-41-7	Ammoníak	20	14	50	36	
95-50-1	1,2 Diklórbensen	20	122	50	306	H
75-44-5	Fosgen	0,02	0,05	0,1	0,4	
106-35-4	3-Heptanón	20	95			
541-85-5	5-Metýl-3-heptanón	10	53	20	107	
110-12-3	5-Metýl-2-hexanón	20	95			
108-10-1	4-Metýl-2-pentanón	20	83	50	208	
26628-22-8	Natríumasíð		0,1		0,3	H
110-85-0	Píperasín		0,1		0,3	
3689-24-5	Súlfótep	(0,015)	0,1			H
109-99-9	Tetrahydrófurán	50	150	100	300	H
121-44-8	Tríetýlamín	2	8,4	3	12,6	H

b. Á eftir efninu 2-Bútoxýetanól bætist eftirfarandi efni við:

CAS-nr.	Efni	Fyrir 8 tíma		Þakgildi		Ath.
		ppm	mg/m <sup>3</sup>	ppm	mg/m <sup>3</sup>	
112-07-02	2-Bútoxýetýl asetat	20	133	50	333	H

c. Þakgildi eftirfarandi efna verða:

CAS. nr.	Efni	Þakgildi		Ath.
		ppm	mg/m <sup>3</sup>	
107-18-6	Allýlalkóhól	5	12,1	
111-76-2	2-Bútoxýetanól	50	246	
78-93-3	Bútanón	300	900	
141-32-2	n-Bútýlakrýlat	10	53	
60-29-7	Díetýleter	200	616	
106-46-7	1,4-Díklórbensen	50	306	
124-40-3	Dímetýlamín	5	9,4	
127-19-5	N,N-Dímetýlasetamín	20	72	
100-41-4	Etýlbensen	200	884	H
98-83-9	2-Fenýlprópen	100	492	
7782-41-4	Flúór	2	3,16	
7664-39-3	Flúórvetni	3	2,5	
7664-38-2	Fosfórsýra		2	
110-43-0	2-Heptanón	100	475	H
105-60-2	Kaprólaktam		40	
108-90-7	Klórbenzen	20	94	
98-82-8	Kúmen	50	250	
108-65-6	2-Metoxý-1-metýletýlasetat	100	550	H
107-98-2	1-Metoxý-2-própanól	150	568	H
123-92-2	Pentýlasetat	100	540	
626-38-0				
628-63-7				
620-11-1				
625-16-1				
79-09-4	Própíonsýra	20	62	
108-94-1	Sýklohexanón	20	81,6	
120-82-1	1,2,4-Tríklórbensen	5	37,8	
71-55-6	1,1,1 Tríklóretan	200	1110	
7783-07-05	Vetnisseleníð	0,05	0,17	
95-47-6	Xýlen	100	442	H
106-42-3				
108-38-3				
1330-20-7				

d. Eftirfarandi breyting verður á þakgildi efnis:

CAS. nr.	Efni	Þakgildi		Ath.
		ppm	mg/m <sup>3</sup>	
107-21-1	Etýlenglýkól	40	104	

## 2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 38., 50., og 51. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, til innleiðingar á tilskipun, nr. 2000/39/EB, um gerð fyrstu skráar um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi við framkvæmd tilskipunar ráðsins 98/24/EB um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifa-valda á vinnustað, sem vísað er til í 16. lið j XVIII. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 19/2001.

## 3. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 6. desember 2001.*

**Páll Pétursson.**

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*

## REGLUR

### Persónuverndar um öryggi við meðferð og varðveislu lífsýna í lífsýnasöfnum.

#### I. KAFLI

#### Efni, gildissvið o.fl.

##### 1. gr.

##### *Efni og gildssvið.*

Reglur þessar lúta að því hvernig tryggja skuli öryggi við meðferð og varðveislu lífsýna í lífsýnasöfnum skv. lögum um lífsýnasöfn nr. 110/2000. Að öðru leyti en kemur fram í reglunum skal til leiðbeiningar hafa hliðsjón af alþjóðlega staðlinum ÍST ISO/IEC 17799:2000 Upplýsingatækni - Starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsingaöryggis og breska staðlinum ÍST BS 7799-2:1999 Stjórnun upplýsingaöryggis - 2. hluti: Forskrift fyrir stjórnun upplýsingaöryggis.

Reglur þessar taka ekki til lífsýna sem varðveitt eru tímabundið vegna þjónusturannsóknna, meðferðar, eða afmarkaðra vísindarannsóknna, enda sé slíkum sýnum eytt þegar þjónustu, meðferð eða rannsókn lýkur.

##### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í öryggi við vinnslu lífsýna í lífsýnasöfnum felst að tryggja varðveislu, eðlilega leynd þeirra, lögmætan aðgang að þeim, gæði og áreiðanleika. Nánar tiltekið felst öryggið í að tryggja að:

- Lífsýni séu ekki aðgengileg þeim sem ekki skulu hafa aðgang að þeim.
- Tryggja vandaða meðferð lífsýna og að þau hvorki glattist né skemmist.
- Tryggja þeim sem þurfa og mega hafa aðgang að lífsýnum og fylgigögnum, slíkan aðgang þegar lögmæt ástæða er til.